



Þróun námssöguskráninga – þátttaka foreldra og barna

Jelena Kuzminova, Bryndís Garðarsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Mat á námi barna, sem á sér stað í leik þeirra og athöfnum, er mikilvægt fyrir leikskólakennara, annað starfsfólk, foreldra og börnin sjálf til að auka þekkingu og skilning á þroska þeirra, námi þeirra og líðan. Í *Aðalnámskrá leikskóla frá 2011* er lögð áhersla á að námsmat eigi að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi og er leikskólum ætlað að þróa fjölbreyttar aðferðir við að meta nám og vellíðan barna. Rannsóknin, sem hér er fjallað um, var samstarfsrannsókn (e. collaborative action research) og fór fram í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Hún var hluti af samstarfsverkefni RannUng og fimm leikskóla víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Rannsóknin bar vinnuheimtið *Mat á námi og vellíðan barna*. Markmið verkefnisins var að styðja þátttakendur í að þróa aðferðir til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla. Í leikskólanum sem þessi rannsókn sneri að var valið að þróa og bæta vinnu með námssögur sem matsaðferð. Þátttakendur voru starfsmenn einnar deildar í þriggja deilda leikskóla á höfuðborgarsvæðinu ásamt leikskólastjóranum. Börnin á deildinni voru níttján á aldrinum 2ja-3ja ára. Á deildinni störfuðu tveir leikskólakennarar og tveir leiðbeinendur en auk þeirra tóku þátt í rannsókninni sérfræðingur frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands ásamt meistaranema, sem var tengiliður hópsins og sá um að safna, skrá og halda utan um gögnin sem aflað var. Gögnum var safnað með viðtölum við þátttakendur í leikskólanum við upphaf og lok verkefnisins, með skráningu á fundum, dagbókaskrifum, vettvangsathugunum, ljósmyndum og skráðum heimildum eins og skólanámskrá og ferilmöppum. Niðurstöður sýna að þátttakendur hafi þróað og eflt færni sína í skráningu námssagna. Með námssögunum tókst þeim að vekja áhuga foreldra á því sem börnin fengust við í leikskólanum og fengu jafnframt upplýsingar um reynslu barnanna utan leikskólans þar sem foreldrar tóku einnig þátt í skráningum. Börnin fengu tækifæri í leikskólanum til að skoða og tjá sig um námssögur sem starfsmenn og foreldrar höfðu skráð. Þrátt fyrir að þátttakendur hafi talið námssögur góðar til að draga fram styrkleika barnanna þá töldu þeir þurfa annars konar skráningar til að ná utan um og fylgjast með þroskaþáttum barna.

Efnisorð: Leikskóli, lærdómssamfélag, námssögur, þátttaka foreldra og barna

Inngangur

Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að námsmat eigi að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi og er leikskólum ætlað að þróa fjölbreyttar aðferðir við að meta nám og vellíðan barna með áherslu á að meta ferli náms (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í íslenskum leikskólum er námsmat frekar óformlegt og algengt er að leikskólakennarar meti nám og þroska barna út frá

skráningum yfir tiltekið tímabil, sem safnað er saman í ferilmöppur og í formi fyrir fram tilbúinna lista sem ætlað er að meta tiltekna þroskaþætti eins og málþroska og félagsfærni. Nám í leikskólum er að mörgu leyti frábrugðið námi á öðrum skólastigum. Þar er viðfangsefnum yfirleitt ekki skipt í námsgreinar heldur er litið svo á að börn læri í leik og daglegu starfi, í samvinnu við önnur börn og fullorðna. Mat á námi barna er þannig byggt á heildrænu ferli sem tengist þáttum eins og líðan þeirra, áhuga og hæfni. Mat á námi barna, sem á sér stað í leik þeirra og athöfnum, er mikilvægt fyrir leikskólakennara, annað starfsfólk, foreldra og börnin sjálf til að auka þekkingu og skilning á þroska þeirra, námi og líðan. Til að styðja við nám barna verður leikskólakennari að safna upplýsingum um alhliða þroska barnsins, líðan þess, hugmyndir og styrkleika. Þar geta komið fram ýmsir mikilvægir þættir eins og þátttaka barnsins í leik og samskiptum, hverju barnið hefur áhuga á, hvað það veit og hvernig það hugsar og upplifir umhverfi og atburði. Ígrundun þessara upplýsinga getur gefið leikskólakennara tilefni til að skipuleggja nýjar leiðir til að styðja við nám barnsins (Carr, 2001; Dunphy, 2008).

Í *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) eru kynntar aðferðir sem þróaðar hafa verið með það í huga að meta og varpa ljósi á ferli náms og reynslu barna í leikskóla. Þar kemur fram að ferilmappa, sem inniheldur safn verka barna og upplýsingar um það sem þau hafa áhuga á og fást við í leikskólanum, geti verið gagnleg til halda utan um og gefa upplýsingar um framfarir þeirra og líðan. Einnig getur hún nýst til að efla ígrundun starfsfólks, barna og fjölskyldna þeirra um nám, þroska og framfarir barnanna. Þetta samræmist þeirri sýn sem kemur fram í *Aðalnámskrá leikskóla* þar sem litið er á barnið sem hæfan einstakling með eigin stöðu og réttindi í samfélaginu. Litið er á gagnkvæm samskipti barna og fullorðinna sem lykil að námi barna þar sem barnið er virkur samskiptaaðili en ekki hlutlaus þiggjandi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Börn læra í samvinnu við aðra þar sem hlutverk fullorðinna og annarra barna þykir afar mikilvægt. Því skal leitast við að þróa aðferðir sem hafa merkingu fyrir börn, taka mið af markmiðum leikskólastarfs og beina sjónum að félagslegum þáttum í námi barna; til dæmis hvað þau læra, hvernig og með hverjum (Dahlberg, Moss og Pence, 2013; McLachlan, Fleer og Edwards, 2013).

Í þessari grein er fjallað um samstarfsrannsókn (e. collaborative action research) sem fram fór í leikskóla og var hluti af samstarfsverkefni RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna) og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu, veturinn 2016–2017. Markmið verkefnisins var að styðja þátttakendur í að þróa aðferðir til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla og gátu þátttakendur sjálfir valið hvaða matsaðferð þeir vildu kynna sér. Starfsfólk leikskólans, sem fjallað er um í greininni, hafði áhuga á að þróa skráningar um nám og vellíðan barna í formi námssagna og sóttist því eftir að taka þátt.

Mat á námi og velferð barna í leikskólum

Námsmat (e. assessment) felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Mat á námi er ýmist skilgreint sem ferlimat (e. assessment for learning) eða lokamat (e. summative assessment – assessment of learning). *Ferlimat* (einnig nefnt leiðsagnarmat) hefur, eins og hugtakið gefur til kynna, þann tilgang að meta ferli og hvetja til áframhaldandi náms en einnig að veita upplýsingar um það sem gerist í námsferlinu (McLachlan o.fl., 2013). Ferlimat gefur leikskólakennurum tækifæri til að efla hvert barn með því að ígrunda með því reynslu þess af því sem það fæst við í leikskólanum, þannig að barnið átti sig á getu sinni og styrkleikum, svo hægt sé að veita því námstækifæri og stuðning við hæfi (Carr, 2014). Slíkt mat getur einnig nýst leikskólakennurum til að ígrunda starfshætti sína með það í huga að þróa þá og bæta. *Lokamat* felur aftur á móti í sér mat á árangri og oftast er þá metin sú hæfni eða færni sem barnið hefur náð tókum á að loknu tilteknu verkefni eða námstíma (Alasuutari, Markström og Vallberg-Roth, 2014; Vallberg-

Roth, 2012). Félagsmenningarlegar kenningar (e. sociocultural theories) leggja áherslu á að nám barna byggist á samvirkni hins félagslega og hins persónulega. Lítið er á börn sem getumikla einstaklinga sem læra með gagnvirkum samskiptum við börn og fullorðna (Prout og James, 2015). Bertram og Pascal (2002) greina nokkra þætti sem þau telja undirstöðu árangursríks náms. Til að styðja við þroska barna verður kennari ekki einungis að einblína á hæfni barnanna á tilteknum sviðum, til dæmis tengda máli og læsi eða undirstöðu stærðfræðiþekkingar, heldur líka á þætti eins og sjálfstæði, skapandi hugsun, áhugahvöt (e. self-motivation) og seiglu (e. resilience). Því er mikilvægt að við mat á námi sé tekið mið af félagslegu samhengi. Það felur í sér að gefa þarf lýsingu á því sem hefur áhrif á nám barna; námsumhverfi, hluti, önnur börn og fullorðna. Long, Volk og Gregory (2007) leggja áherslu á að með athugunum og skráningum geti kennarar ekki einungis fengið mikilvæga innsýn og upplýsingar um ofangreinda þætti, heldur einnig skilning á mismunandi bakgrunni barna. Þannig geti þeir mótað námskrá sem tekur mið af ólíkum forsendum barna og umhverfi þeirra. Fjölbreytt mat sem safnað er saman í ferilmöppu getur því sagt sögu barnsins; sýnt áhugasvið þess, kunnáttu og hæfni.

Námssögur sem aðferð til að meta nám og velferð barna

Námssögur (e. learning stories) eru matsaðferð sem fellur undir ferlimat. Námssöguaðferðin var þróuð í samstarfi fræðimanna og leikskólakennara á Nýja- Sjálandi með það að markmiði að greina og meta styrkleika barna, áhuga þeirra og virkni (Carr, 2001). Lítið er svo á að mat feli í sér ákveðið ferli þar sem kennarar fylgjast með leik og samskiptum barna og leitast við að lesa í tjáningu þeirra, athafnir og reynslu (McLachlan o.fl., 2013).

Námssögur eru frásagnir (e. narratives) um einstök börn sem kennari skráir, til dæmis skriflega og með ljósmyndum, yfir ákveðið tímabil. Þessi frásagnaraðferð gefur þeim sem skráir tækifæri til þess að lýsa námi barnsins og meta það á heildrænan hátt. Í námssögum beinist athygli leikskólakennarans að styrkleikum barnsins, hæfni þess og áhugasviði. Skráð eru samskipti barnsins við önnur börn eða fullorðna, upplýsingar um verkefni barnsins eða athafnir, sem það er þátttakandi í, ásamt túlkunum og útskýringum þess sem skráir (Carr, 2001). Sagan er rædd við barnið sjálft og fjölskyldu þess og sjónarmiðum þeirra bætt við söguna. Þannig geta námssögur nýst til að efla tengsl fullorðinna og barna, þar sem markmið með þeim er að auka skilning á athöfnum barna (Carter, 2010). Frásögnum um barnið er síðan safnað saman í ferilmöppu. Sérhver námssaga tengist svo öðrum sögum um barnið en þannig fæst ákveðin heildarmynd af námi þess og reynslu.

Námssögur eru skráðar með það í huga að varpa ljósi á hugmyndir barna og þekkingarleit þar sem styrkleikum þeirra er lýst fremur en að leitað sé eftir því sem þau eiga eftir að ná tökum á. Athuganir fyrir námssöguskráningar eru framkvæmdar í umhverfi sem barnið þekkir vel og þar sem samræður, leikur og nám fer fram. Börnin sjálf geta haft frumkvæði að og tekið þátt í skráningu námssagna, t.d. með því að ræða við leikskólakennara, foreldra eða önnur börn, um ljósmyndir eða teikningar af því sem þau hafa fengið við í daglegu starfi leikskólans. Þannig getur skráning og ígrundun námssagna gefið leikskólakennurum viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á námsumhverfi barna og komið þannig betur til móts við þarfir og áhuga hvers barns (Bryndís Gardarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001; Long, Volk og Gregory, 2007). Síðast en ekki síst er mikilvægt að ígrundun á námssögnum sé gerð af fólki sem hefur þekkingu á námi og þroska barna ásamt því að þekkja barnið vel sem oftast eru kennarar þess og foreldrar (Carr og Lee, 2012; Carr, 2014; Dunn, 2000).

Nokkuð hefur verið um gagnrýni á námssögur og þá sérstaklega þar sem þær eru ráðandi aðferð til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla eða jafnvel sú eina eins og raunin er á Nýja-Sjálandi (Zhang, 2015). Bent hefur verið á að persónulegt gildismat starfsfólksins, viðhorf þess og reynsla, geti haft áhrif á hvernig námssögur eru greindar og hvað lesið er úr þeim (Carr og Lee, 2012). Dahlberg, Moss og Pence (2013) vara við því að skráningar geti orðið tæki til stjórnunar og valds þar sem börn fá takmarkað rými til athafna, meðan athafnir þeirra og orð eru skráð, í

staðinn fyrir hið gagnstæða. Kennarar verða því að vera meðvitaðir um hlutverk sitt; tilgang skráninganna, greiningu og framsetningu. Einnig hafa komið fram áhyggjur af því að ályktanir um nám barna séu dregnar af takmörkuðum gögnum. Námssögur, sem skráðar eru út frá þriggja til fimm mínútna tilviljunarkenndum (e. random) athugunum, geti með takmörkuðum hætti lýst flóknu námsferli barna. Það sé áhyggjuefni ef kennari einfaldlega geti ekki séð allt litróf námsins og möguleika barnsins (Sadler, 2010). Einnig er talað um að þessi aðferð gefi hvorki næga möguleika á að fylgjast með framförum barna yfir lengri tíma né heldur að meta á sannfærandi hátt málþroska og læsi barna (Blaklock, 2008, 2010, 2013). Þá bendir McLachlan (2011) á að skortur á menntuðum leikskólakennurum geti hamlað innleiðingu námssagna þar sem mikill tími leikskólakennara fari í að leiðbeina ófaglærðum starfsmönnum með takmarkaða þekkingu á námi og þroska barna eða gildi þess að fylgjast með leik og samskiptum barna.

Á árunum 2009–2014 voru unnin þróunarverkefni og starfendarannsóknir sem tengjast skráningu námssagna (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2010; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015, 2016). Almenn ánægja var með hvort tveggja og fannst leikskólakennurum, sem tóku þátt í rannsókninni, þessi matsaðferð vera svar við þeirri stefnu sem *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 setur varðandi námsmat. Í aðalnámskránni kemur fram að meta eigi styrkleika hvers barns, nálgast sjónarmið þess og byggja nám á reynsluheimi barna. Þrátt fyrir að leikskólakennararnir sæju ótvíræða kosti námssöguskráninga þá kom fram að óöryggi (að gera ekki rétt) og tímaskortur væru helst þær hindranir sem kennararnir upplifðu við innleiðingu skráninganna.

Þátttaka foreldra í námi barna

Margar rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í námi barna hefur jákvæð áhrif á líðan þeirra, svo og þroska og árangur í námi (Anderson og Minke, 2007; Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Þátttaka foreldra hefur verið skilgreind sem samvinna á milli foreldra, leikskóla og samfélagsins. Markmið hennar er að auka vitund foreldra um þau áhrif sem þeir geta haft á nám barna sinna með þátttöku í skólasamfélaginu. Þátttaka foreldra byggist fyrst og fremst á skilningi þeirra á hlutverki þeirra sem foreldra og einnig þeirri trú að þeir geti haft áhrif og hjálpað börnum sínum í námi. Mikilvægt er fyrir leikskólakennara að vita um heppilegar aðferðir til að hlúa að samskiptum við foreldra og byggja upp traust (Emerson, Fear, Fox og Sanders, 2012). Leikskólakennarar þurfa að hlusta á foreldra og taka til greina það sem þeir segja. Samtal og umræður kennara og foreldra um nám barnsins, hvað það er að fást við og takast á við hverju sinni og hvernig best er að styðja við það, er ávinningur beggja aðila. Leikskólakennari verður að vera góður samstarfsaðili foreldra í því að öðlast sameiginlegan skilning á hvað barnið er fært um (Mac Naughton og Hughes, 2007). Námssögur eru vel til þess fallnar að tengja fjölskyldu barnsins við leikskólann. Foreldrum er þá ekki einungis boðið að lesa námssögur barnsins, sem kennarinn skráir, heldur fá þeir jafnframt tækifæri til þess að ræða við barnið um reynslu þess í leikskólanum ásamt því að bæta við eigin upplifun og skráningum varðandi athafnir og reynslu barnsins heima fyrir (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Mitchell, Haggerty, Hampton og Pairman, 2006). Sameiginleg ígrundun (Drummond, 2018) getur þannig bætt skilning leikskólakennara og foreldra á því hvað barnið fæst við og gert matið trúverðugt (e. valid).

Þátttaka barna

Hugtakið þátttaka er oft tengt við mannréttindi og lýðræði. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989) kemur fram að börn eiga rétt á því að taka þátt í ákvörðunum, sem tengjast þeim, og að hlustað sé á skoðanir þeirra. Þessi réttur barna tengist hugmyndum um að barnæskan sé félagslega mótuð og börn séu sjálfstæðir borgarar, færir um að taka þátt og hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) eru sett fram stefnumarkandi atriði sem leggja áherslu á

Þetta en þar kemur fram að leikskóli eigi að vera vettvangur þar sem börn upplifi sig sem virka þátttakendur og geti haft áhrif á umhverfi sitt. Þar er einnig áhersla á mikilvægi þess að auka vitund barna um eigin getu og styrkleika. Að sama skapi hafa fræðimenn beint sjónum að og rannsakað hvernig megi stuðla að því að hlustað sé á raddir barna. Að hlusta á raddir barna felur í sér að virða hugmyndir þeirra, hlusta á þau og velta fyrir sér hvernig þau hugsa, því að það sýnir hvernig þau skynja og túlka raunveruleikann og hver tengsl þeirra eru við hann (Rinaldi, 2006; Vecchi, 2010). Einnig er talið skipta miklu máli að finna leiðir til að sjónarmið barnanna geti haft áhrif á daglegt starf leikskóla. Mikilvægt er að í leikskólum skapist andrúmsloft þar sem börnin geta tjáð sig og upplifað að skoðanir þeirra og reynsla skipta máli. Rannsóknir sýna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008; Sheridan og Pramling Samuelsson, 2001) að börn taka sjaldan þátt í að móta og hafa áhrif á dagskipulag, venjur og starfsemi leikskólans. Einnig skorti leikskólakennara þekkingu á viðeigandi aðferðum sem geti stuðlað að þátttöku barna í ákvarðanatöku. Ein leið til þess að efla þátttöku barna er til dæmis að þeim sé gefið tækifæri til að ræða og hafa áhrif á hvaða skráningar eru valdar í ferilmöppu þeirra (Bath, 2012; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012). Þannig getur umræða leikskólakennara og barns um þær skráningar sem valdar eru veitt mikilvægar upplýsingar um sjónarhorn barnsins, upplifun þess og reynslu.

Lærdómssamfélag og starfendarannsóknir

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) segir að leikskóli eigi að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn séu virkir þátttakendur og geti haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru um málefni leikskólans. Lærdómssamfélag er umhverfi þar sem einstaklingar læra hver af öðrum og hver með öðrum. Í lærdómssamfélagi skóla eru allir mikilvægir þátttakendur; skólayfirvöld, kennarar, starfsmenn, foreldrar og börn (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Með þátttöku sinni í þróun lærdómssamfélags styrkir kennarinn sig í starfi þar sem hann fær tækifæri til að ígrunda eigið starf og annarra með það að markmiði að auka gæði náms og bæta námsárangur. Starfendarannsóknir (e. action research) eru vel til þess fallnar að efla vald kennara þar sem hver og einn hefur áhrif á það sem er gert, ber ábyrgð á því og metur árangur. Þannig má segja að með þátttöku í starfendarannsóknnum öðlist kennarar meira vald yfir eigin starfi og faglegru þróun (Edda Kjartansdóttir, 2010).

Samkvæmt Senge og Scharmer (2001) er mikilvægt að skapa lærdómssamfélag þar sem jafnrétti allra þátttakenda er viðurkennt. Þetta ferli felur í sér þrjú valdsvæði sem felast í eftirtöldu: Að uppgötva, skilja og deila þekkingu með öðrum; efla vitund og getu til að komast að niðurstöðu sem er öllum mikilvæg; vinna saman að sameiginlegu markmiði. Starfendarannsókn er lýðræðislegt og valdeflandi ferli þar sem þátttakendur hafa tækifæri til að þróa lærdómssamfélag. Kennarar, sem taka þátt í slíkri rannsókn, ýmist að eigin frumkvæði eða fyrir tilstilli og með aðstoð utanaðkomandi aðila, hafa það að markmiði að bæta gæði starfsins eða sína eigin hæfni (Koshy, 2008). Þátttaka í starfendarannsókn getur haft áhrif á líðan og sjálfsmynd þátttakenda og sýn þeirra á hlutverk sitt. Í gegnum samtöl og ígrundun um eigið starf geta þeir öðlast nýja þekkingu og hæfni. Þátttaka í starfendarannsókn (Bleach, 2013) getur á þann hátt kveikt áhuga og aukið ánægju af starfinu. Þátttakendur leggja sig þá oft meira fram, eru áhugasamari um nýjungar og fúsari að hlusta, ræða og prófa.

Rannsóknarspurningar

Í rannsókninni sem hér er fjallað um var fylgst með leikskólakennurum og leiðbeinendum sem tókust á við námssöguskráningar í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknin var hluti af stærra verkefni sem unnið var í samstarfi RannUng og fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Undirbúningur rannsóknarinnar hófst 2015 og stóð yfir skólaárið 2016–2017. Markmið og sjónarhorn þátttakenda beindist að því að þróa námssöguskráningar með það fyrir augum að gera nám og reynslu barnanna sýnilega þeim sjálfum og öðrum í nánasta umhverfi þeirra.

Í rannsókninni voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi:

1. Hvernig þróuðust námssöguskráningar í leikskólanum?
2. Hvernig voru námssöguskráningar nýttar í daglegu starfi og í samstarfi starfsfólks, foreldra og barna?

Aðferð og aðstæður

Rannsóknin, sem var samstarfsverkefni leikskólans og rannsakenda við Menntavísindasvið HÍ, fellur undir það sem kallað hefur verið samstarfsrannsókn (e. collaborative action research). Slík rannsókn felur í sér samstarf kennara og rannsakenda í háskólum þar sem kennarar beina sjónum að eigin starfi, með það að markmiði að skilja betur hvað liggur að baki starfsháttum. Einnig að þróa og móta nýjar leiðir og prófa sig áfram með þær (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2010; Koshy, 2008). Samhliða ferlinu er fjölbreyttum gögnum safnað sem síðan eru greind og túlkuð með það í huga að meta og fylgja eftir þeirri þróun sem á sér stað.

Starfsmenn leikskólans höfðu áður tekið þátt í þróunarverkefni sem beindist að mati á námi og vellíðan barna en höfðu áhuga á að efla enn frekar þekkingu sína og færni í að nota námssöguskráningar sem matsaðferð.

Þátttakendur voru leikskólakennarar og leiðbeinendur á yngstu deild í þriggja deilda leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og barnahópurinn sem samanstóð af 19 börnum á aldrinum 2ja til 3ja ára. Þátttakendur voru:

- Birna, leikskólastjóri
- Guðrún, leiðbeinandi
- Helga, leikskólakennari
- Jónína, leiðbeinandi
- Sigrún, deildarstjóri og leikskólakennari

Eins og hér kemur fram voru þátttakendur tveir leikskólakennarar og tveir leiðbeinendur auk leikskólastjóra, sem var tengiliður leikskólans við stjórnendur rannsóknarinnar. Auk þeirra tóku þátt fulltrúar RannUng sem voru meistaranemi og sérfræðingur og höfðu það verkefni að halda utan um framkvæmd á vettvangi. Meistaraneimi var tengiliður hópsins og sá um að safna, skrá og halda utan um þau gögn sem aflað var. Sérfræðingur hafði það hlutverk að móta rannsóknaráætlun ásamt því að styðja meistaraneima faglega varðandi þróun og framkvæmd á vettvangi. Í undirbúningsferli verkefnisins sóttu þátttakendur sameiginlega fundi og vinnustofur sem skipulagðir voru fyrir alla þáttökuskólana, á vegum RannUng, þar sem fjallað var um aðferðir samstarfsrannsókna og tilgang mats á leikskólastarfi. Einnig lásu þátttakendur sér til um aðferðir við mat á skólastarfi, ræddu hugmyndir sínar um hvað væri mikilvægt að meta í námi barna og hvernig staðið væri að mati á námi og reynslu barna í þáttökuskólunum.

Gagnaöflun og greining

Til að afla gagna um það hvernig námssöguskráningarnar þróuðust og voru nýttar í leikskólastarfinu var stuðst við margvíslegar aðferðir:

Viðtöl. Við upphaf og lok verkefnisins tók meistaraneimi einstaklingsviðtöl við þátttakendur á deildinni og leikskólastjóra. Í fyrri viðtölunum var leitað upplýsinga um starfsemi leikskólans, áherslur í starfi, matsaðferðir, væntingar þátttakenda til verkefnisins og styrkleika þeirra. Í viðtölum, sem tekin voru eftir að verkefninu var formlega lokið, var rætt um ferlið, viðhorf starfsfólksins til þáttökunnar og til gildis þess fyrir leikskólann.

Fundir. Tvisvar í mánuði voru haldnir fundir þar sem hópurinn hittist til að ræða og meta stöðu verkefnisins ásamt því að ákveða næstu skref. Meistararnemi sá um að hljóðrita og skrá það sem rætt var. Einnig ritaði deildarstjóri fundargerð.

Dagbækur. Í upphafi fengu þátttakendur afhentar dagbækur þar sem þeir gátu skráð á óformlegan hátt viðhorf sín og vangaveltur í tengslum við ferlið og þær breytingar sem gerðar voru. Meistararnemi hélt einnig dagbók þar sem hann skráði hugleiðingar sínar í kringum ferli verkefnisins og athuganir sínar á vettvangi.

Vettvangsathuganir. Meistararnemi kom reglulega í leikskólann, fylgdist með, skráði og ræddi óformlega við þátttakendur um ferlið. Upplýsingar frá vettvangsathugunum voru nýttar á fundum til að ræða um áherslur og framvindu á vettvangi.

Skráðar heimildir. Til að fá mynd af áherslum í starfi leikskólans og hvernig staðið væri að mati á námi og reynslu barnanna var stuðst við skólanámskrá leikskólans og ferilmöppur barnanna.

Ljósmyndir. Við skráningu námssagna tóku þátttakendur ljósmyndir af því sem börnin fengust við í leik og daglegu starfi og bættu við skriflegum lýsingum á því sem fram fór. Skráningarnar urðu svo hluti af rannsóknargögnum.

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum út frá þeim gögnum sem aflað var í rannsókninni. Gögnin voru skoðuð, greind og túlkuð í þeim tilgangi að leita eftir þeim til að svara rannsóknarspurningunum.

Niðurstöður

Þemun, sem greind voru, tengdust þróun aðferða við að skrá námssögur, greiningu og miðlun námssagna ásamt þátttöku foreldra og barna. Sagt verður frá því hvernig verkefnið þróaðist, hvaða breytingar voru gerðar og hvert gildi verkefnisins var fyrir þátttakendur.

Staðan í upphafi

Hvert barn átti sína ferilmöppu í leikskólanum. Í námskrá leikskólans kom fram að skráning námssagna væri ein af þeim aðferðum sem stuðst væri við í mati á námi og vellíðan barna. Námssögur voru hluti af ferilmöppum barnanna en markmið með þeim var meðal annars að halda utan um sýnishorn af verkefnum barnanna, myndum frá afmælisdegi þeirra og skemmtileg gullkorn sem fallið höfðu af vörum þeirra. Ferilmöppurnar voru notaðar í samtölum við foreldra sem fóru fram tvisvar á ári. Að jafnaði voru skráðar tvær námssögur á ári fyrir hvert barn og stuðst við þær í samtölum við foreldrana þar sem sagt var frá því sem barnið var að fást við í leikskólanum, áhuga þess og samskiptum við leikfélaga.

Þátttakendur í rannsókninni höfðu mismikla reynslu af skráningu námssagna. Leikskólakennararnir höfðu áður tekið þátt í þróunarverkefni sem beindist að mati á námi og vellíðan barna og stóð áhugi þeirra til þess að efla enn frekar þekkingu sína og færni á því sviði. Aftur á móti höfðu leiðbeinendurnir enga reynslu af skráningu námssagna.

Fyrstu skrefin

Í upphafi ræddu þátttakendur um áherslur í verkefninu. Þar kom fram að þeir vildu einbeita sér að tilgangi skráninganna og hvernig mætti nýta þær betur í þágu barna og foreldra. Einnig töldu þeir tilganginn vera að leikskólakennarar og leiðbeinendur þjálfuðu sig í að skrá og ígrunda námssögurnar. Hugmynd leikskólakennaranna var að geta notað námssögurnar þegar börnin flyttust á milli deilda, frá yngri yfir á eldri deild. Á þann hátt vildu þeir geta gefið innsýn í eiginleika barnanna og sýnt það ferli, sem þau höfðu gengið í gegnum, þannig að hægt væri að byggja ofan á fyrri reynslu barnanna og auka með því móti samfellu í námi þeirra.

Í byrjun var lögð áhersla á að þjálf leiðbeinendur, sem ekki höfðu reynslu af að skrá, í skráningu námssagna. Til að styðja betur við þennan þátt var ákveðið að hver og einn leiðbeinandi hefði til að byrja með einn fastan dag í viku þar sem viðkomandi fengi svigrúm til að einbeita sér að þessum þætti starfsins. Námssögurnar voru skráðar með því að taka myndir á spjaldtölvu og skrifa síðan texta við. Fljótlega var farið að nota forritið *Book Creator* sem er ætlað fyrir spjaldtölvur. Það er sérstaklega hannað til þess að búa til rafbækur með myndum og texta. Sögurnar voru prentaðar út og settar í ferilmöppu barnsins.

Næstum allar námssögur voru skráðar út frá athugunum þátttakenda í frjálsum leik barnanna. Námssögur voru skráðar sem lýsing á atburði eða leik sem kennarinn fylgdist með. Oftast var skráð orðrétt hvað börnin sögðu og nokkrar myndir fylgdu sögunni.

Í upphafi var rætt um mikilvægi þess að byggja upp traust á milli kennara, foreldra og barna. Fram kom hjá þátttakendum að félagsfærni og samskipti við aðra væri það mikilvægasta sem barnið lærði í leikskólanum. Því var mikilvægi þess að vera læs á líðan barna undirstrikað ásamt því að skoða eigin starfshætti og umhverfi eins og Birna lagði áherslu á: „... kennarar ígrundi með sjálfum sér ástæðu þess ef barni líður ekki vel. Er það eitthvað í umhverfinu eða ... í samskiptum barna í milli ... samskipti mín og barnsins?“ Þegar námssaga var skráð horfðu þátttakendur því einkum á þessa þætti en ekki síður vegna þess að þeim fannst auðvelt að sjá og greina þessa þætti í leik barnanna.

Það reyndist ekki auðvelt fyrir leiðbeinendur að takast á við að skrifa námssögur. Þeir voru með ólíkan bakgrunn hvað varðar menntun og reynslu af að starfa með börnum. Guðrún nefndi að það hefði verið erfitt að átta sig á því hverju ætti að fylgjast með í leik barnanna og að í byrjun hefði verið auðveldast að skrá ef börnin sögðu eitthvað. Þetta kom vel fram í orðum hennar þegar hún sagði: „Ef ekki voru samskipti á milli [barnanna] í leik þá varð ekki til námssaga.“ Stundum var því beðið eftir að börnin tjáðu sig með orðum eða að eitthvað markvert gerðist í samskiptum barnanna sem þátttakendur töldu vert að skrá.

Í upphafi var erfitt fyrir leiðbeinendur að hafa yfirsýn, lesa í og lýsa því sem gerðist í leik barnanna. Byrjendum í skráningum fannst því stuðningur frá hinum reyndari mjög mikilvægur og liður í því var að lesa og ræða skráningar annarra. Jónína sagði: „... mér fannst bara gott að geta séð námssögur hjá hinum ... þá gat ég svona aðeins miðað við hvað þær eru að taka niður og hvernig þær greina þetta ...“ Ákveðnir skráningardagar, þar sem skapað var rými og tími til að sinna skráningum, mæltust því vel fyrir og ýttu undir að allir spreyttu sig í að skrá.

Þróun í skráningu námssagna

Þegar verkefnið hófst var venjan að skrá tvær námssögur fyrir hvert barn. Eftir því sem leið á verkefnið fjölgaði skráningunum og urðu þær að meðaltali 6–8 fyrir hvert barn yfir rannsóknartímabilið. Þátttakendur voru á þeirri skoðun að besta leiðin til að læra að skrifa námssögur væri að prófa sig áfram og finna út hvernig best væri að skrá og við hvaða aðstæður. Þeir voru á því að fleiri skráningar hjálpuðu til við að sjá framfarir í þroska barns og gæfu skýrari mynd af áhuga þess og námsferli. Jónína lýsti gildi þess að skrá og fylgjast með þroskaferli einstakra barna: „... og sjá muninn, svona aðeins að fara í gegnum hvaða breytingar hafa orðið, og maður sá það sérstaklega ... af því það er svo mikill þroski hjá yngstu.“

Helga sagðist hafa bætt hæfni sína til að skrá námssögur eftir því sem skráningum fjölgaði og taldi spjaldtölvu flýta fyrir í skráningarferlinu:

Nú er þetta einfaldara og einfaldara ... maður er fljótari að ganga frá skráningunni. Ég tók til dæmis 5 námssögur í síðustu viku. Ég var enga stund að henda þeim inn af því að maður er kominn í þjálfun ...

Þátttakendur uppgötvuðu ýmislegt nýtt í ferlinu og miðluðu þeirri reynslu sín á milli. Þeim fannst til dæmis að þegar þeir fylgdust með börnum í frjálsum leik væri í raun hægt að skrifa lýsandi námssögu fyrir flest börnin í leikhópnum. Það væri spurning um hagræðingu á vinnubrögðum líkt og kemur hér fram hjá Guðrúnu:

Maður náði eiginlega þremur sögum í einum leik. Fyrst fáttaði ég það ekki ... svo var leikskólakennari sem sagði bara ... því ég var með myndir ... og ég var með myndir af öðru barni í leiknum. Og hún sagði bara ... geturðu ekki nýtt þetta líka fyrir hana. Sem að var náttúrulega ..., þær voru saman í leik ...

Þannig auðveldaði tæknin þeim að gera fleiri skráningar og eftir því sem á leið urðu þátttakendur meðvitaðri um gildi þess að skrá og sáú fleiri tækifæri til skráninga, til dæmis í frjálsum leik.

Ígrundun og greining

Flestar námssögur voru skrifaðar eftir ljósmyndum og athugunum sem gerðar voru í frjálsum leik. Fram kom að þátttakendum fannst auðveldara að skrá námssögur þar sem börnin voru að leika sér á afmörkuðu svæði án utanaðkomandi truflunar. Þá voru þeir oftast í hlutverki áhorfenda á meðan börnin léku sér. Stundum spjölluðu þeir við börnin um leik þeirra en kusu þó oftast að horfa á og hlusta til að koma í veg fyrir að trufla leikinn.

Fram kom að við það að fylgjast með og skrá, meðan börnin voru í frjálsum leik, öðluðust þátttakendur meiri innsýn í tjáningu þeirra og samskipti í leik líkt og hér má greina hjá Jónínu:

Þótt maður sé alltaf að fylgjast með ... er maður ekki endilega að hlusta á allt sem þau segja í leik. Og það var ótrúlega gaman, einmitt þegar þau voru í miklum samleik, hvað þau ... þú veist ... samtöl þeirra og hvernig þau mættu hvert öðru.

Með því að lesa námssögur, sem aðrir höfðu skráð, ásamt greiningu þess sem skráði, töldu þátttakendur sig öðlast frekari innsýn í persónuleika og daglegt líf barnanna í leikskólanum. Að mati þátttakenda er ígrundun og greining mikilvægur liður í mati á námi og vellíðan barna. Þeir vilja skoða hvað hver námssaga segir um barnið þar sem hún lýsir því hvað það fæst við, hverju það sýnir áhuga á ásamt samskiptum þess við önnur börn og fullorðna. Með þetta í huga útbjuggu leikskólakennararnir matsblað sem tók mið af gildum leikskólans sem eru *gleði*, *leikur*, *nám*, ásamt áherslum leikskólans tengdum námssviðum aðalnámskrár. Leikskólakennararnir vildu með þessu gera greiningarramma sem endurspegladi áherslur leikskólans og það sem fengist væri við á deildinni sem tók þátt í rannsókninni. Meðal þess sem mikilvægt þótti að greina í námssögnum sneri að samskiptum og félagslegum tengslum barnanna, frumkvæði þeirra og sköpunarkrafti, hvernig þau ynnu úr reynslu sinni í leik ásamt virðingu barnanna fyrir eigin hlutum og annarra. Sjá má greiningarrammann hér:

NAFN:

DAGS:

MATSPÆTTIR	GREINING	MARKMIÐ (Vinna með?)	LEIÐIR (Hvað gerum við?)
Vinna úr reynslu sinni í leik			
Samskipti			
Mynda félagsleg tengsl			
Virðing fyrir eigin hlutum og annarra			
Frumkvæði og sköpunarkraftur			

Greiningarblaðið var notað til þess að greina hverja námssögu fyrir sig. Ef matsþættirnir komu ekki nógu vel út, að mati leikskólakennaranna, þá settu þeir fram markmið í námi viðkomandi barns og leiðir að þeim. Þannig studdi greiningin við nám og vellíðan barnanna. Að greiningu lokinni voru námssögurnar settar í ferilmöppu barnsins ásamt greiningarblaðinu.

Að mati þátttakenda gáfu námssögur, sem skráðar voru í frjálsum leik, góða mynd af félagsþroska og áhuga barnanna. Með því að skrá námssögur sögðust þeir veita styrkleikum og jákvæðum eiginleikum barnanna meiri athygli en áður og ná þannig betur að skilja hegðun þeirra í ólíkum aðstæðum. Sigrún tók eftirfarandi sem dæmi um þetta:

Ég hef oft orðið vitni að því í gegnum árin. Þú veist ... æj, Jói er svo agalega óþekkur! Af því að barnið er svo krefjandi í fataklefa og matartímanum ... og svo að horfa á það í leik ... ótrúlega hæfileikaríkt og flott, ... foringi. Aðeins að setjast niður og horfa bara á þetta barn, það gefur svo mikið.

Af þessu má sjá að sjónir þátttakenda beindust í auknum mæli að styrkleikum hvers barns og sérkennum þegar þeir skráðu námssögur. Þátttakendur mótuðu sameiginlega sýn á börn, nám þeirra og vellíðan. Ferlið reyndist einkum lærdómsríkt fyrir leiðbeinendur sem lærðu að skrá og ígrunda leik og samskipti barnanna.

Greining námssagnanna reyndist nokkuð flókin þrátt fyrir að greiningarblað hefði verið gert sem ætlað var að styðja við þann þátt. Leikskólakennararnir höfðu betri faglegar forsendur en leiðbeinendur, út frá þekkingu sinni á leik og þroska barna, og áttu því auðveldara með að greina og lesa í leik og samskipti barnanna. Þannig stóðu ekki allir þátttakendur jafnfætis hvað varðar að skrá og greina námssögurnar og þótti sumum auðveldara að ígrunda og greina námssögur með öðrum eins og hér kemur fram hjá Helgu: „Þess vegna er svo gott að ... taka námssögurnar og vera með einhverjum til þess að ræða ... sko, betur sjá augu en auga.“ Þetta var þó ekki gert nema að mjög litlu leyti þar sem það þótti tímafrekt og erfitt að koma því við í erli dagsins. Helga undirstrikaði að greining námssagnanna væri mikilvægur þáttur í matsferlinu en þó ekki eins skemmtilegur. Hún hafði þetta um málið að segja: „Mér finnst rosa gaman að vera þessi fluga á vegg ... skoða leikinn og allt það. En samantektin og þetta ... til þess að þetta skili einhverju, mér finnst það ekki eins skemmtileg vinna.“

Í máli Birnu kom fram að ekki væri útilokað að nota fjölbreyttari matstæki til viðbótar við námssöguskráningar. Hjá leikskólakennurunum mátti greina ákveðnar efasemdir um gildi námssagna við mat á námi og þroska barna. Þeir töldu sig vel geta greint framfarir í málþroska með því til dæmis að skrá samtöl barnanna í leik. Vel mátti heyra að börnin, sem fyrir nokkrum mánuðum tjáðu sig að takmörkuðu leyti með orðum, höfðu greinilega öðlast aukinn orðaforða. Í heild fannst þeim þó námssögurnar ekki gera þeim kleift að meta alla þroskaþætti, það þyrfti fjölbreyttari matstæki með. Áhyggjur þeirra sneru að því að frávik í þroska barna kæmu ekki fram eða væru greinanleg í námssögum eins og Helga komst að orði: „Mér finnst námssögur ... eitt og sér ekki nógu mikið mælitæki til þess að geta metið nám og þroska barna, alveg út í eitt.“ Með þetta að markmiði höfðu leikskólakennararnir kynnt sér TRAS-skráningarlistann (n. tidlig registering af sprákutvikling) sem hefur það að markmiði að skoða félagsfærni, tjáskipti, einbeitingu, málskilning, framburð, orðaforða og setningamyndun barna á aldrinum 2ja–5 ára. Sigrún sagði:

Við erum að leita að einhverju til að hafa svona með ... en okkur finnst við alls ekki geta sleppt námssögum því þær sýna allt annað ... ég held að námssögurnar vinni rosa vel með því ... ég bind vonir við að það vinni vel saman.

Þar sem hugmynd leikskólakennaranna var að nýta námssögurnar í aðdraganda þess að börnin flyttust á milli deilda, var gerð samantekt á námssögum þeirra barna sem stóð til að myndu flytjast yfir á eldri deild. Við samantektina var stuðst við greiningarblaðið og námssögur úr frjálsa leiknum skoðaðar og ígrundaðar út frá þeim viðmiðum sem þar voru sett fram. Fram kom að slíkar samantektir og ígrundun væru mjög gagnlegar fyrir starfsmenn deildarinnar og að gott væri að gera slíka samantekt reglulega yfir árið en ekki aðeins í lok árs. Þannig fengist meiri innsýn í náms- og þroskaferli barnanna og hægt væri að veita þeim stuðning við hæfi. Leikskólakennararnir lýstu því sem skemmtilegu ferli að skrá námssögur og því væri mikilvægt að gefa sér tíma til þess. Úrvinnsla og ígrundun var þó, eins og komið hefur fram, minni en ætlunin var.

Ekki reyndi á það markmið að miðla námssögum eða samantekt þeirra á milli deilda, líkt og stefnt var að. Þátttakendur voru ekki vissir um hvort eða hvernig samantektin myndi nýtast og aftur var tímaleysið nefnt sem ástæða:

... nota ekki alveg það sem við erum að gera ... þó að mappan fylgi með. Maður bara veit að það er svo mikið að gera ... Þau þurfa að hella sér í möppurnar og lesa allt það sem við erum búin að skrifa svo þau geti nýtt sér ...

Niðurstöðurnar sýna því að skráning námssagna gekk betur en greining þeirra eða miðlun á milli deilda.

Þátttaka barna og foreldra

Meðal þeirra markmiða, sem þátttakendur settu sér í upphafi, var að leita leiða sem stuðlað gætu að þátttöku foreldra og barna í skráningarferlinu. Eitt af því sem var prófað var að hengja skráningarnar upp á vegg í hæð barnanna. Börnin veittu skráningunum mikla athygli og þau börn, sem skráningin var um hverju sinni, sýndu hana vinum sínum, bentu á og settu orð á það sem hafði gerst í leiknum. Þannig rifjuðu þau upp reynslu sína og oft sköpuðust samræður þeirra á milli um það sem var að gerast á myndunum. Leikskólakennararnir töldu að börnin myndu yfirleitt ekki eftir þeim leik, sem þau voru í fyrir nokkrum dögum, og að þessi framsetning á skráningum gæfi þeim tækifæri til að rifja upp og ræða reynslu sína við önnur börn og fullorðna. Leikskólakennararnir sáu ekki ástæðu til að skrá frekar viðbrögð barnanna eða að ræða við þau um það sem áður hafði verið skráð. Hjá Helgu kom eftirfarandi fram:

... því þetta má ekki koma niður á öðru, þetta má ekki vera þannig að maður sé svo „obsessed“ af þessu [að skrá] og þurfa að vera endalaust að hugsa um að gera þetta, vera alltaf að þessu og annað njóti sín ekki ...

Leikskólakennurinum fannst að ef meiri tími væri tekinn í skráningar þá væri verið að taka tíma frá öðru sem þyrfti að sinna.

Eftir að námssögunum hafði verið deilt með börnunum þá var næsta skref í ferlinu að deila þeim með foreldrum barnanna. Því var ákveðið að senda ferilmöppurnar heim með þeim eftir áramót. Tvö börn í senn tóku ferilmöppur sínar heim á föstudegi og komu með þær aftur í leikskólann á mánudegi. Foreldrar voru beðnir um að skrá eitthvað um viðburði helgarinnar og setja inn myndir sem væru lýsandi fyrir það sem skráð var. Börnin kynntu svo skráningarnar, sem gerðar voru heima, í samverustund með hjálp leikskólakennara. Myndum frá kynningum barnanna var deilt með foreldrum inni á lokaðri Facebook-síðu.

Foreldrar sýndu þessu framtaki mikinn áhuga og óskuðu stundum eftir að fá að taka ferilmöppurnar aftur heim til að sýna öðrum fjölskyldumeðlimum. Einnig spurðu þeir starfsfólkið ráða um hvað og hvernig ætti að skrá. Flestar skráningar að heiman voru svipaðar þeim skráningum sem starfsfólkið hafði gert en þær fyrrnefndu innihéldu ljósmyndir og frásögn af því sem barnið eða fjölskyldan hafði fengist við yfir helgina. Að mati starfsfólksins höfðu myndir frá kynningum barnanna í samverustundum hvetjandi áhrif á foreldrana. Þar fengu þeir líka hugmyndir, frá öðrum foreldrum, um hvað og hvernig þeir gætu skráð.

Ánægja var með hvernig tókst að tengja foreldrana inn í ferlið. „Það var með því skemmtilegasta í öllu verkefninu,“ eins og Jónína orðaði það. Áhugavert var að lesa skráningarnar, sem komu að heiman, og ekki síður að hlusta á börnin segja sjálf frá í samverustundum.

Námssögurnar voru gagnlegar í foreldrasamtölum. Leikskólakennararnir, sem höfðu umsjón með þeim, sögðu foreldra áhugasama og að þeir hefðu haft ánægju af að skoða og lesa skráningar um sitt barn. Það vakti oft jákvæð viðbrögð og þannig fengu foreldrarnir innsýn í leik barna sinna og daglegt líf leikskólans. Foreldrarnir höfðu almennt ekki forsendur til að átta sig á hvað börnin voru að takast á við eða læra í gegnum leikinn og þeir veltu því heldur ekki mikið fyrir sér þegar þeir skoðuðu námssögurnar. Leikskólakennararnir notuðu skráningarnar því til að túlka samskiptaferli barnanna, líkamstjáningu og svipbrigði sem þeir útskýrðu svo fyrir foreldrum ásamt því sem lesa mátti úr leik þeirra eins og hér kemur fram hjá Helgu:

Dú veist þegar maður er að útskýra ... félagsþroska og hvernig þau eru að tjá sig eða hvernig þau bregðast við og hvernig þau eru að nýta reynslu sína og yfirfæra hana í leiknum ...

Þannig nýttust skráningarnar til að sýna og ræða um daglegt líf barnanna í leikskólanum, eiginleika þeirra og áhugasvið. Einnig til að benda á hvaða þroskaþætti börnin væru að efla í frjálsum leik og samskiptum við önnur börn. Foreldrar voru frekar sammála því sem fram kom í skráningunum varðandi áhugasvið og félagslega þætti eins og heyra mátti á Helgu:

Foreldrum finnst gaman að sjá þetta og sjá þetta endurspeglast heima líka. Þú veist, kannast við svona takta og hvernig þau bregðast við ...

Ferilmöppurnar voru geymdar í hillu sem lenti á bak við hurð þegar dyr voru opnaðar og varð því lítt sýnileg þegar dyrnar voru opnar. Hillan var það hátt uppi að börnin náðu ekki upp í hana en fyrir neðan hana var önnur hilla þar sem börnin gátu sótt sér leikföng. Meistaraneimi benti á að möppurnar gætu verið í neðri hillunni en það þótti ekki heppilegt þar sem þátttakendur höfðu áhyggjur af því að skráningarnar gætu skemmt. Í stað þess var lögð áhersla á að hengja skráningar upp á vegg og gera þær þannig aðgengilegar.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeim virtist áhugi barnanna á því að fá ferilmöppuna sína til að skoða hafa aukist eftir að þau fengu hana heim eða eftir að þau sáu skráningar sína á veggnum. Svo virtist ekki vera og þátttakendur sögðu að þeir væru ekki vissir um hvort börnin gerðu sér grein fyrir því að það væri leyfilegt að taka ferilmöppuna og skoða. Sigrún sagði að það þyrfti að útskýra fyrir börnunum að það mætti:

Pau gera sér kannski ekki grein fyrir því, bara það sem við höfum þurft að kynna fyrir þeim. En við erum svo duglegar að hengja þetta upp á vegginn ... við erum alltaf að setja meir ...

Jónína taldi að ef börnin vildu sýna eitthvað í ferilmöppunni, eins og skráningu að heiman, þá myndu þau hafa frumkvæði að því. Um umgengni barnanna um möppurnar sagði Jónína:

Ef þau vilja sýna eitthvað, eins og frá samverustundinni, þá kannski nefna þau það og biðja okkur um að setja í möppuna sína en þau taka ekki möppurnar sínar niður og skoða.“

Ávinningur af þátttöku í rannsókninni og næstu skref

Í lok rannsóknarferlisins var leitað eftir reynslu þátttakenda af verkefninu. Fram kom að þeim fannst verkefnið áhugavert, skemmtilegt, gefandi og spennandi. Þátttakan veitti þeim stuðning og tjáðu þátttakendur sig um reynslu sína og ánægju við þróunina, sem varð hjá þeim, og hvernig þeir urðu öruggari með það sem þeir voru að gera. Þeir voru á þeirri skoðun að þátttaka í rannsókninni hefði gert mikið fyrir deildina þeirra ásamt því að gera þá öruggari í starfi.

Allir þátttakendur voru sammála um að þeir hefðu fengið góða hjálfun í skráningu námssagna í gegnum ferlið. Í viðtölum við lok verkefnisins sögðu viðmælendur að þeir stefndu að því að halda áfram að þróa sig enn frekar í skráningum námssagna.

Umræður og samantekt

Þátttakendur í rannsókninni höfðu áhuga á að skoða tilgang og betri nýtingu námssagna. Starfsfólkið sjálft sá um að setja sér markmið og finna nýjar leiðir og fékk til þess utanaðkomandi stuðning frá meistaranema og sérfræðingi frá Menntavísindasviði HÍ.

Þátttaka í rannsókninni var að sögn þátttakenda ánægjuleg og lærdómsrík fyrir alla. Jákvætt viðhorf þeirra til rannsóknarefnisins og verkefnisins í heild gerði það að verkum að allir þátttakendur voru virkir, lögðu sig fram og voru tilbúnir að prófa nýjar hugmyndir. Þátttaka allra í skráningum eflði hópinn sem teymi, jók samheldni hans og umræður um starfið jafnframt því að skapa sameiginlegt lærdómsferli (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Edda Kjartansdóttir, 2010). Þátttaka bæði leikskólakennara og leiðbeinenda í rannsókninni hjálpaði til við að móta sameiginlega sýn á börn, nám þeirra og vellíðan. Ferlið reyndist sérstaklega lærdómsríkt fyrir leiðbeinendur sem lærðu að lesa í og skrá leik barna sem kemur vel heim og saman við það sem komið hefur fram í fyrri rannsóknum varðandi þátttöku í námssöguskráningum (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2016).

Eftir því sem leið á rannsóknina jókst færni og öryggi þátttakenda við að skrá námssögur. Næmni þeirra fyrir athöfnum barnanna jókst, þeir tóku betur eftir því sem áhugavert var að skrá og gripu oftær tækifæri til að skrá námssögur þegar börnin voru í frjálsum leik. Þátttakendur voru sammála um að hafa dýpkað skilning sinn á gildi námssagna þannig að þeim gekk betur að skilja hvert barn og horfðu með öðrum augum á leik þeirra og samskipti. Eitt af markmiðum skráninga samkvæmt Carter (2010) er að efla tengsl fullorðinna og barna en námssögur eru einmitt verkfæri sem leikskólakennarar geta notað til að ná því markmiði.

Með skráningu námssagna töldu þátttakendur sig taka betur eftir styrkleikum barna og hversu einstök þau væru hvert á sinn hátt (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012) en námssöguaðferðin var þróuð með það að markmiði að greina og meta styrkleika barna, áhuga þeirra og virkni (Carr, 2001, 2014). Þannig var litið á börn sem hæfa einstaklinga sem gætu haft áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum.

Þrátt fyrir jákvætt viðhorf til námssöguskráninga sem matsaðferðar þá íhuguðu leikskólakennararnir einnig aðrar og fljótlegri aðferðir við að meta þroska barnanna. Kröfur um sýnileika starfsins, áhersla á mælanlegan árangur, sérstaklega á sviði málþroska og læsis, líkt og Bertram og Pascal (2002) vara við, leiddu til þess að leikskólakennararnir treystu ekki eigin fagmennsku, innsæi og þekkingu þegar kom að því að meta ferli náms. Leikskólakennararnir horfðu því einnig til staðlaðra matslista sem að þeirra mati gátu betur varpað ljósi á stöðu barna og væru bæði auðveldari í framkvæmd og tækju skemmri tíma.

Niðurstöður sýndu einnig að skráning og greining námssagna krefst þekkingar og ígrundunar af hálfu þess sem skráir. Leikskólakennarar hafa forskot á leiðbeinendur hvað varðar þekkingu á námi og þroska barna og gildi þess að fylgjast með ferli náms. Þannig hvílir mikil ábyrgð á leikskólakennurum sem eiga að vera leiðandi í þróun leikskólastarfsins auk þess að leiðbeina starfsmönnum sem hafa litla þekkingu á því hvernig börn læra eða hvað stuðlar að námi og þroska ungra barna, líkt og fram kemur hjá McLachlan (2011). Þetta getur meðal annars leitt til þess að leikskólakennarar snúi sér frekar að tilbúnum matslistum, sem tekur skemmri tíma að fylla út og krefjast ekki eins mikillar leiðsagnar. Erfiðleika við greiningu má einnig rekja til ólíkrar menntunar og reynslu starfsmanna auk tímaskorts til að ræða námssögur við samstarfsfólk.

Tímaskortur er einn af þeim þáttum sem oftast eru nefndir þegar kemur að þróun skólastarfs og getur hann verið hindrun við innleiðingu námssagna (Blaiklock, 2008, 2010, 2013; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Svo var einnig í þessari rannsókn. Í daglegu amstri leikskólans getur verið erfitt að finna tíma fyrir alla til að staldra við, ræða og ígrunda skráningar einstakra barna. Þátttakendur áttu erfitt með að sameina skráningar og þátttöku sína í leik barnanna. Þeir töldu mikilvægt að njóta samskipta við börnin og tímafrekar skráningar gætu komið niður á þeim þætti starfsins eins og komið hefur fram í fleiri rannsóknum (Vallberg-Roth, 2015).

Þátttakendur voru frekar sammála um að nauðsynlegt væri að hafa búnað eins og spjaldtölvu, prentara og myndavél til að framkvæma og vinna úr skráningum. Notkun þessara tækja auðveldar skráningu og sparar tíma starfsfólksins. Aðilar á vegum sveitarfélaganna, sem sjá um búnaðinn í leikskólum, verða því að vera upplýstir og meðvitaðir um mikilvægi skráninga í starfi leikskóla og setja nauðsynlegt fjármagn í búnað.

Eitt af markmiðum námssagna er að gefa öðrum en kennurum færi á að vera þátttakendur í mati á námi barnanna. Börnin sjálf, foreldrar þeirra og aðrir kennarar eru hvattir til að skoða, lesa, greina og bæta í námssögur um það námsferli sem á sér stað í leikskólanum (Carr og Lee, 2012). Skráningar eru oftast skilgreindar sem tæki til að auka samskipti, umræður og þátttöku í mati á námi. Þá má segja að í verkefninu hafi verið tekið fyrsta skrefið í þá áttina. Leitast var við gefa börnunum tækifæri til að segja frá með stuðningi námssagnanna. Foreldrar fengu frekari innsýn í leikskólastarfið og námssögurnar nýttust einnig vel í samtölum leikskólakennara og foreldra (Mitchell o.fl., 2006). Með því að senda ferilmöppurnar heim með barninu og hengja námssögur upp á vegg gerði starfsfólk tilraun til að tengja námssögur við foreldra og börnin. Börnin fengu tækifæri til að setja orð á reynslu sína, með starfsfólki og jafnöldrum, sem er mikilvægt fyrir þeirra sjálfsvitund og tilfinningu fyrir því að tilheyra samfélagi (Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Rinaldi, 2006; Vecchi, 2010). Þátttaka barna í skráningum er þó háð fullorðnum; leikskólakennurum og foreldrum. Ung börn geta hvorki lesið skráningarnar sjálf né bætt við sögu sína. Til að auka þátttöku barna í skráningarferlinu verða námssögurnar því að vera myndrænar og aðgengilegar börnunum, þannig að þau fái tækifæri til að rifja upp atburði. Þá þurfa kennarar og foreldrar að

leggja sig fram um að veita fjölbreyttum tjáningarmáta barna athygli (Rinaldi, 2006; Vecchi, 2010) og hvetja þau til að tala um það sem fram kemur í námssögnum.

Námssögurnar voru aðgengilegar uppi á vegg og vöktu þær mikla athygli barnanna. Það barn sem átti námssöguna hverju sinni, benti á og rifjaði upp reynslu sína með því að setja orð á það sem gerst hafði í leik. Atburðirnir á myndunum urðu efni til samræðna. Þannig má segja að leitast hafi verið við að gera reynslu og námsferli barnanna sýnilegri ásamt því að gefa þeim tækifæri til að sjá og skilja sitt eigið nám (Dahlberg o.fl., 2013; Prout og James, 2015).

Börnin virtust hvorki vita af því að þau gætu skoðað ferilmöppuna sína né litu þau á möppuna sem sína eign og voru því ekki mjög áhugasöm um hana. Kannski hefðu börnin verið áhugasamari um ferilmöppurnar ef starfsfólkið hefði gefið sér tíma til að setjast niður með þeim og skoða þær eða ef þær hefðu verið aðgengilegri fyrir þau að skoða, ein eða með öðrum börnum. Einnig má segja að ferilmöppur, eins og þær sem notaðar voru í leikskólanum, séu óhentugar fyrir börn á þessum aldri til að meðhöndla og því myndi annað form henta þeim betur.

Sameiginleg ígrundun námssagnanna, sem fram fór í samtölum á milli leikskólakennara og foreldra, bætti skilning foreldra á því sem börnin fengust við (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Long o.fl., 2007; Mac Naughton og Huges, 2007) og styrkti jafnframt þá lýsingu sem leikskólakennararnir gáfu, sem gerði matið trúverðugra (Drummond, 2018). Rannsóknir hafa leitt í ljós að þátttaka barna í ferli skráninga er frekar fátíð (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að skýringar á því megi rekja til viðhorfa starfsfólks, skipulags starfsins og takmarkaðrar þekkingar á aðferðum til að auka þátttöku barna en jákvætt viðhorf starfsfólks er mikilvægt skilyrði fyrir því að námssögur verði nýttar í leikskólastarfi. Starfsfólk leikskóla þarf að horfa á ferli skráninga námssagna sem tækifæri til samtals við foreldra og börn. Segja má að með því að senda ferilmöppur með námssögum barnanna heim hafi þátttakendur leitast við að tengja foreldra við námsmat og námssögur barnanna og auka þannig traust, innsýn og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu (Emerson o.fl., 2012). Það gerði ekki aðeins foreldrum kleift að skoða og bæta við skráningarnar heldur gaf það einnig starfsfólkinu tækifæri til að kynna barninu í öðru umhverfi en leikskólanum.

Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um samstarfsrannsókn sem fram fór í einum leikskóla veturinn 2016–2017 og var hluti af samstarfsverkefni RannUng og fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins var að styðja þátttakendur í að þróa aðferðir til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla og völdu þeir í þessum tiltekna skóla að þróa og bæta vinnu með námssögur sem matsaðferð.

Af rannsókninni má draga þá ályktun að þátttaka í rannsókn í samstarfi við og undir leiðsögn sérfræðinga, hafi áhrif á bæði leikskólakennara og leiðbeinendur í leikskólum. Með því að ígrunda starfið, spá fyrir um og lesa um leiðir til að meta nám og vellíðan barna gátu þátttakendur aukið skilning sinn á námssögum sem matsaðferð. Einnig má segja að þeir hafi fengið tækifæri til að bæta færni sína í að skrá og miðla námssögum barnanna.

Álykta má að bæði foreldrar og starfsfólk hafi áttað sig á gildi námssagna og ferilmappa fyrir leikskólann og fjölskylduna. Starfsfólk þátttökudeildarinnar áttaði sig á því að í gegnum námssögurnar tengist það börnunum nánar og skilur þau betur. Foreldrar gátu bætt námssögum í möppuna og sáu tilgang í því að varðveita minningar um leikskólagöngu barnsins. Með námssögnum tókst að vekja áhuga foreldra á því sem börnin þeirra fengust við í leikskólanum. Einnig hvöttu námssögurnar foreldra til að miðla reynslu barna þeirra utan leikskólans til starfsfólks. Telja má að starfsfólk þátttökudeildarinnar verði áfram talsmenn fyrir skráningu námssagna og haldi áfram að móta aðferðina fyrir sinn leikskóla.

Developing Learning Stories - parents and children's participation. Assessing the learning taking place when children play and take part in other activities

is important for preschool teachers, assistant teachers, parents and the children themselves – the purpose being to increase knowledge and understanding of children's development, their learning and wellbeing. The Icelandic National Curriculum Guide from 2011 explicitly states that assessment should be a regular part of preschool practice and diverse methods should be used to evaluate education; children's learning and well-being. The study discussed here is collaborative action research that took place in one kindergarten in the capital area, being part of a collaborative project of RannUng (Centre for Research in Early Childhood Education) and five preschools in the neighboring municipalities of Reykjavík. The research work title is: *Assessment of children's learning and wellbeing*. The overall aim of the study was to support participants in the preschools as they developed methods that aimed to assess children's learning and wellbeing. The preschool participants discussed in this article, decided to develop and further improve their use of documenting Learning Stories as an assessment method. The participants were from one out of three departments/classes in the preschool, two preschool teachers and two assistant teachers, as well as the preschool manager. The children in the department were 19, two to three year olds.

The preschool teachers and assistant teachers collaborated with a teacher and a master's student from the University, School of Education. The role of the master's student was to be a contact person between the two teams, in the preschool and the university. The student also supported the preschool group as they developed new assessment methods. Furthermore, the master's student played a main role in generating the data. In the beginning and the end of a school year data was generated through interviews with the participants in one preschool department and the preschool manager. Other data generation included notes from meetings, notes in a research journal, observations, photographs and registered sources such as the school curriculum guide and children's portfolios. The portfolios were a collection of children's artwork and other information about the children's education. In the beginning of the study the assistant teachers were given space one day a week to document children's Learning Stories. Soon the assistant teachers started, along with the preschool teachers, to take pictures and document written notes using the program *Book Creator* for tablets. The participants wanted to be more thorough, consistent and organized in their documentations, so the preschool teachers designed a form which included points they found important to document, reflect on and analyze. This form included points such as: for assessment, for analyzing, what to document and how to document. Using the form was helpful to the participants, for example in finding the focus while the children were playing and working further with the information from the documentations.

The results show that participants developed and strengthened their skills in documenting Learning Stories. By displaying and discussing the Learning Stories with parents, they were able to raise their interest in what the children were engaged in at the preschool. The children's portfolios were sent to their homes on weekends, and parents added to the documentations and showed great interest in doing so. In this way the information from the documentations also included the children's experiences outside preschool. In preschool, children were provided with an opportunity to introduce their Learning Stories, documented by their parents. Nevertheless, the portfolios including the Learning Stories were kept where the children could not reach them without help. When the master's student pointed this out to the participants in the preschool, they did not want to change the location,

as they were anxious that the children might damage the portfolios. In relation to the portfolios being kept out of reach of the children it might be suggested that the children did not, at the time of the study, acquire proper ownership of their Learning Stories. The preschool teachers displayed and discussed the Learning Stories with the parents in interviews about individual children. The teachers found the discussion helpful, not least as they seemed to be able to explain and describe further, even in detail, issues of concern in their practice and sometimes clarify aspects the parents were not familiar with. Even though the participants considered the Learning Stories to be a good tool for highlighting children's strengths, they expressed the view that other forms of documentation were still needed to plan and gain an overview of the children's developmental factors. Finally, the participants saw documenting Learning Stories as time consuming and were reluctant to use much of their time for documentation since there were many other important issues they needed to take care of in the preschool.

Key words: Preschool, learning community, Learning Stories, participation of parents and children

Um höfundana

Jelena Kuzminova (jelena.kuzminova@seltjarnarnes.is) starfar sem deildarstjóri í Leikskóla Seltjarnarness. Hún útskrifaðist sem leikskólakennari frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2019 og grunnskólakennari frá uppeldisfræðistofnuninni Siauliai í Litháen árið 1995.

Bryndís Garðarsdóttir (bryngar@hi.is) er deildarstjóri á kennsluskrifstofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrum lektor í leikskólafræði. Rannsóknir hennar hafa beinst að menntunarfræði ungra barna og hlutverki leikskólakennara í að skipuleggja og tengja leik og nám barna í leikskóla. Hún hefur tekið þátt í sameiginlegum rannsóknarverkefnum á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) um samfellu í námi barna, notkun námssagna í leikskólastarfi, tengsl leiks og náms og fagmennsku leikskólakennara.

Margrét Sigríður Björnsdóttir (margreb@hi.is) er aðjúnkt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og verkefnisstjóri hjá RannUng. Hún lauk grunnskólakennaraprófi frá KHÍ 1989 og M.Ed.-prófi frá Háskólanum í Reykjavík 2009 í stærðfræði og kennslufræði stærðfræðinnar. Margrét hefur starfað bæði í leik- og grunnskóla.

About the authors

Jelena Kuzminova (jelena.kuzminova@seltjarnarnes.is) works as a head-teacher at the preschool Leikskóli Seltjarnarness. She graduated from the University of Iceland as a preschool teacher in 2019. In 1995, she graduated from Siauliai Pedagogical Institute in Lithuania as a primary school teacher.

Bryndís Garðarsdóttir (bryngar@hi.is) is an administrative officer at the University of Iceland, School of Education and former assistant professor. Her main research interests are in early childhood education, including children's learning and the teacher's role in promoting play and learning; learning stories in preschool; and preschool teachers' professionalism. She has participated in several research projects conducted by the Centre for Research in Early Childhood Education (RannUng).

Margrét Sigríður Björnsdóttir (margreb@hi.is) works as an adjunct at the School of Education, University of Iceland and is a Project Manager at RannUng. She completed her B.Ed. in primary school teaching in 1989 and a M.Ed. in math and pedagogy of math from University of Reykjavík in 2009. She has worked both as a preschool and primary school teacher.

Heimildir

- Alasuutari, M., Markström, A. M. og Vallberg-Roth, A. C. (2014). *Assessment and documentation in early childhood education*. London: Routledge.
- Anderson, K. J. og Minke, K. M. (2007). Parent involvement in education: Toward an understanding of parents' decision making. *The Journal of Educational Research*, 100(5), 311–323.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Guðmundur Heiðar Frímansson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólasterfi* (bls. 35–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). Af því að við erum börn. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi* (bls. 49–75). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Bath, C. (2012). 'I can't read it; I don't know': Young children's participation in the pedagogical documentation of English early childhood education and care settings. *International Journal of Early Years Education*, 20(2), 190–201. doi:10.1080/09669760.2012.715242
- Bertram, T. og Pascal, C. (2002). What counts in early learning. Í O. N. Saracho og B. Spodek (ritstjórar), *Contemporary perspectives in early childhood curriculum* (bls. 241–256). Greenwich, CT: Information Age.
- Blaiklock, K. (2008). A critique of the use of learning stories to assess the learning dispositions of young children. *New Zealand Research in Early Childhood Education*, 11, 77–87. Sótt af <http://hdl.handle.net/10652/1768>
- Blaiklock, K. (2010). Assessment in New Zealand early childhood settings: A proposal to change from learning stories to learning notes. *Early Education*, 48(2), 5–10. Sótt af <https://hdl.handle.net/10652/1601>
- Blaiklock, K. (2013). What are children learning in early childhood education in New Zealand? *Australasian Journal of Early Childhood*, 38(2), 51–56. Sótt af <http://hdl.handle.net/10652/2615>
- Bleach, J. (2013). Using action research to support quality early years practice. *European Early Childhood Education Research Journal*, 21(3), 370–379. doi:10.1080/1350293X.2013.814354
- Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Samstarf heimila og leikskóla: Á mótum tveggja heima. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild* (bls. 679–690). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna. Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–119). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Carr, M. (2014). Play and playfulness: Issues of assessment. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The Sage handbook of play and learning in early childhood* (bls. 264–276). London: Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2012). *Learning stories: Constructing learner identities in early education*. London: Sage.
- Carter, M. (2010). Using 'Learning stories' to strengthen teachers' relationships with children. *Exchange*, 196, 40–43. Sótt af <https://cccece.net/wp-content/uploads/2018/11/Using-Learning-Stories-to-Strengthen-Teachers-Relationships-with-Children.pdf>
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2013). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation*. London: Falmer Press.
- Drummond, T. (2018). *Writing learning stories*. Sótt af <https://tomdrummond.com/looking-closely-at-children/writing-learning-stories/>

- Dunn, L. (2000). Using 'learning stories' to assess and design programs for young children with special needs. *New Zealand Infants and Young Children*, 13(2), 73–82.
- Dunphy, E. (2008). *Supporting early learning and development through formative assessment*. Dublin: NCCA.
- Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar: Með rannsóknum á eigin störfum geta kennarar öðlast vald yfir þekkingu á fagi sínu. *Ráðstefnurnetlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>
- Emerson, L., Fear, J., Fox, S. og Sanders, E. (2012). Parental engagement in learning and schooling: Lessons from research. *Canberra: Australian Research Alliance for Children and Youth (ARACY) for the Family-School and Community Partnerships Bureau*.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólustarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólustarfi* (bls. 17–29). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla. *Ráðstefnurnetlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/017.pdf>
- Koshy, V. (2008). *Action research for improving practice. A practical guide*. London: Sage.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2010). Exploring children's learning stories as an assessment method for research and practice. *Early Years: An International Journal of Research and Development*, 30(3), 255–266. Sótt af <https://doi.org/10.1080/09575146.2010.506431>
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námsögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2016). Hugleiðingar um gildi rannsóknarinnar. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Um grunnþætti menntunar í leikskólustarfi* (bls. 247–268). Reykjavík: RannUng, Háskólaútgáfan.
- Long, S., Volk, D. og Gregory, E. (2007). Intentionality and expertise: Learning from observation of children at play in multilingual and multicultural contexts. *Anthropology and Education Quarterly*, 38(3), bls. 239–259.
- Mac Naughton, G. og Hughes, P. (2007). Curriculum contexts: Parents and communities. Í G. Mac Naughton (ritstjóri), *Shaping early childhood: Learners, curriculum and contexts* (bls. 255–281). Maidenhead: Open University Press.
- McLachlan, C. J. (2011). An analysis of New Zealand's changing history, policies and approaches to early childhood education. *Australasian Journal of Early Childhood*, 36(3), 36–44. Sótt af <https://doi.org/10.1177/183693911103600306>
- McLachlan, C., Flear, M. og Edwards, S. (2013). *Early childhood curriculum: Planning, assessment and implementation*. Port Melbourne, Ástralíu: Cambridge University Press.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Demahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af <http://vinnuvefur.namskra.is/wp-content/uploads/2010/10/N%C3%A1msmatshefti-fyrir-leiksk%C3%B3la.pdf>
- Mitchell, L., Haggerty, M., Hampton, V. og Pairman, A. (2006). *Teachers, parents, and whānau working together in early childhood education*. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/cb48/1d5cbb983fcc3c1fb7daeedcf7723a6522f.pdf>
- Prout, A. og James, A. (2015). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 6–18). London: Routledge.
- Rinaldi, C. (2006). In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning. London: Routledge.
- Sadler, D. R. (2010). Learning dispositions: Can we really assess them? *Assessment in Education: Principles, Policy and Practice*, 9(1), 45–51. doi:10.1080/09695940220119166
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1989). Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nun-a/1992018.2c5.html>

- Senge, P. og Scharmer, O. (2001). Community action research: Learning as a community of practitioners, consultants and researchers. Í P. Reason og H. Bradbury (ritstjórar), *Handbook of action research: Participative inquiry and practice* (bls. 238–249). London: Sage.
- Sheridan, S. og Pramling Samuelsson, I. (2001). Children's conceptions of participation and influence in pre-school: A perspective on pedagogical quality. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 2(2), 169–194. doi:10.2304/ciec.2001.2.2.4
- Vallberg-Roth, A.-C. (2012). Different forms of assessment and documentation in Swedish preschools. *Tidsskrift for Nordisk Barnehageforskning*, 5(1), 1–18. doi:10.7577/nbf.479
- Vallberg-Roth, A.-C. (2015). Quality, assessment, and documentation in Swedish preschools: Regulations, practices, and concepts. *Expert report for the German Youth Institute*. Sótt af https://www.fruehe-chancen.de/fileadmin/PDF/Archiv/Expertise_Schweden_DJI_final.pdf
- Vecchi, V. (2010). Art and creativity in Reggio Emilia. *Exploring the role and potential of ateliers in early childhood education*. London: Routledge.
- Zhang, Q. (2015). Advocating for a comprehensive approach to assessment in New Zealand early childhood education. *NZ Research in Early Childhood Education Journal*, 18, 67–79. Sótt af <https://www.researchgate.net/publication/292644462>



Jelena Kuzminova, Bryndís Garðarsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir. (2020).
Þróun námssöguskráninga - þátttaka foreldra og barna.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/03.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.3>